

Toblers Cacao

er næringarmest!

Fæst í Nýhöfn.

Pilskipln. Nú er verið að búa þau til útfærðar í óða önn. Fyrsta skipið, »Ása«, eign Duusverslunar, var flutt inn á höfnina í fyrradag, innan úr Sundum. Er búist við því, að »Ása« muni fara á fiskveiðar fyrir næstu helgi.

Ingólfur kom úr Borgarnesi í gær með norðan og vestanpóst. Meðal farþega voru Gísli Jónsson kaupm., Sig. Runólfsson kaupfélagsstjóri, Sigurður Eggerz sýslumaður, Júl. Halldórsson læknir, frú Guðriður Björnsdóttir og fjöldi sjómanna.

Skautafélagsskemntunin í fyrra kvöld fór mjög vel fram. Var dansað og leikið sér fram til morguns.

Fyrirlestur Hermanns Jónssonar í Bárubúð í gær var mjög vel sóttur. Gerðu menn ágætan róm að máli hans.

Hadda Padda var sýnd í síðasta sinn í gærkvöldi.

Earl Hereford kom frá Bretlandi í gær. Skipið flutti töluverðan póst hingað.

Valborg, danskt flutningaskip, kom hingað í fyrradag, hlaðið kolum til Kol og Salt.

Væringjar voru við æfingar á Tjörninni og suður á Melunum í gær.

Ceres var á Ísafirði í gær. Væntanleg hingað á miðvikudagsmorgun.

Botna er nú á hingað leið frá Leith.

Ísland mun ekki fara hédan fyr en á morgun.

Verkfallið í Hafnarfirði stendur enn yfir. Hefir heyrst að vinnuveitendur muni ætla að fá verkafólk annarstaðar að af landinu. Munu ráðstafanir þegar hafa verið gerðar til þess að útvega fólk.

Fiskur bæjarins, sem kom frá Sandgerði í fyrradag, seldist upp á skömmum tíma. Urðu margir frá að hverfa fisklausir.

Í stjórn listmentafélagsins eru: Ríkarður Jónsson formaður, Þór. B. Þorláksson og Matthías Þórðarson. Menn ættu að ganga í félagið — það kostar að eins 5 krónur á ári — og styðja þannig gott og þarft málefni.

Námsskeið á Hvanneyri. Magnús Einarsson, Einar Sæmundsen og Guðm. Finnbogason dvelja nú að Hvanneyri

til þess að flytja þar ýms erindi á bændanámsskeiðinu, sem þar stendur yfir.

Nýdáiinn er Tómas Eyvindsson í Skothúsinu við Melana. Hann var faðir Magnúsar verzlunarstjóra í Liverpool og þeirra systkina, mesti sændar og dugnaðarmaður.

Kjöt er nú nær ófánlegt í bænum. Í Kaupmannahöfn kvað mikið liggja af ísl. kjöti óselt. Hér aftur á móti sést varla kjötbíti nema um helgar.

Likkistur

fást vanalega tilbúnar á
Hverfisgötu 40. Sími 93.
Helgi Helgason.

Kaupskapur

Nú og framvegis kaupir verzlunin Hlíf (Grettisgötu 26) hreinar og góðar þrjónatöskur hæðsta verði.

Morgunkjólar frá kr. 4.50 fást og verða saumaðir á Vesturgötu 38, niðri.

Boð, smærri og stærri, rúmstæði, servantar, myndavél, ýms hljóðfari, stólar, skófalnað, sáumavélar, sleðar, skýði, gramofónplötur o. m. fl. til sölu nú með tækifærisverði á Laugavegi 22, steinh.

Tapað

Peningabudda hefir tapast með 16 krónum í. Skilist á afgr. Morgunabl.

Vinna

Morgunstúlka óskast. Hátt kaup í boði. R. v. á.

Sigtús J. Johnsen, yfird.lögm. í Vestmannaeyjum tekur að sér lögmannstörf. Sími Vestm. 1.

Brúkaður

8 hesta Danmótor til sölu. Vörur teknar í skiftum ef óskast.

R. v. á.

14. maí

í vor, óskast til leigu 3 herbergi og eldhús. Helst afnot af þurklofti.

Afgr. visar á.

Hús til sölu,

mjög aðgengilegir skilmálar.

Ritstjóri visar á.



Þrátt fyrir
ófrið
og dýrtið
heimta allir

Special Sunripe Cigaretter.

Beauvais

niðursuðuvörur eru viðurkendar að vera langbestar í heimi.

Otal heiðurspeninga á sýningum víðsvegar um heiminn.

Biðjið ætíð um Beauvais-niðursuðu. Þá fáið þér verulega góða vöru.

Aðalumboðsmenn á Íslandi:

O. Johnson & Kaaber.



Besta ölið

Heimtið það!

— 0 —

Aðalumboð fyrir Ísland:

Nathan & Olsen.

Sunlight Sápa

Hví notið þér blautasápu og algengar sápur, sem skemma bæði hendur og fót, notið heldur

SUNLIGHT SÁPU,

sem ekki spillir

fínustu dúkum né

veikasta hörundi.



Farið eftir fyrirsögninni sem er á öllum Sunlight sápu umbúðum.